

Nr. 21-031 S 021 Elli SF 71**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 2538
Smíðaður: Bátasmiðja Guðm. 2002, trefjaplást.
Útgerð: Knappur ehf.
Stærð: 6,99 brl. 7,18 bt.
Mesta lengd: 9,85 m *Skráð lengd:* 9,55 m
Breidd: 2,54 m *Dýpt:* 1,19 m
Vél: Yanmar 252 kW, 2020
Fjöldi skipverja: 1



Elli©Aflamark

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 1. nóvember 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 6. apríl 2021 var Elli SF 71 á handfæraveiðum við Ingólfshöfða. Veður: SV 3 m/s.

Á veiðum kom upp reykur í vélarúmi og báturinn varð vélavana. Óskað var eftir aðstoð og dró björgunarskipið Ingibjörg bátinn til hafnar á Hornafirði.

Við rannsókn kom fram:

- að eftir að bátnum hafði verið andæft í nokkra stund var ekki hægt að gangsetja vélina og reykur kom frá rafmagnskapli fyrir startara;
- að sjór komst inn á tvo stimpla í vélinni sem orsakaði að hún var föst;
- að sjór komst inn á afgangshlið vélarinnar í gegnum sjókælirör frá öxulþétti sem var sjókælt;
- að lagfærðingar voru gerðar og svanahálsinn hækkaður á sjókælirörinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.